

94

29. des.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1949 með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1949 með 100% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í I.—VI. kafla laga nr. 27 27. júní 1921, stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921 og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald, leyfisbréfastgjöld og lestagjald.

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að innheimta á sama tíma með 50% viðauka eignarskatt samkvæmt 14. gr. l. nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1949.

2. gr.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðsbhluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1949.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

95

29. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á árinu 1949 skal innheimta:

- A. Vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og síðari breytingum á þeim lögum, með þessum hækkunum:
- a. Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað 1 eyris.
 - b. Af öllum öðrum vörum með 200% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.
- B. Verðtoll samkvæmt sömu lögum með 65% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

2. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A og B-lið 1. gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkafli	9 nr. 1—2,	kaffi, óbrennt, brennt, eða brennt og malað.	95
—	10 — 1—7,	korn, ómalað.	29. des.
—	11 — 1—12,	mjöl og grjón.	
—	17 — 1—6,	sykur.	
—	22 — 6—38,	drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.	
—	24 — 1—9,	tóbak.	
—	25 — 10,	salt.	
—	27 — 1—4,	kol.	
—	— — 14,	steinolia.	

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna milliríkja-samninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Ekki er heimilt að hækka álagningu verzlana á vörur vegna tollahækkana samkvæmt lögum þessum, og er verðlagsyfirvöldum skylt að sjá um, að svo verði ekki gert, annaðhvort með því að banna álagningu á tollahækkunina eða með því að breyta verðlagsákvæðum þannig, að álagningin hækki ekki að krónutölu vegna tollhækkunarinnar frá því, sem er við gildistöku laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1949.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 85 frá 9. október 1946, um ráðstafanir í sambandi við skilnað Íslands og Danmerkur.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laga nr. 85 frá 9. október 1946 orðist þannig:

Meðan eigi er lokið samningum þeim, sem nú standa yfir vegna niðurfellingar dansk-íslenska sambandslagasamningsins 30. nóvember 1918, heimilast ríkisstjórn Íslands að gera þær ráðstafanir, sem þörf er á til að láta Færeyinga halda þeim rétti, er þeir hafa haft til fiskveiða með handfæri á þilskipum með eða án gangvéla og á opnum bátum hér við land, fyrst um sinn, þó eigi lengur en til ársloka 1949.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.